



Samþykkt fyrir Ungmennasjóð ÍBV íþróttafélags

1. grein

Sjóðurinn heitir Ungmennasjóður ÍBV íþróttafélags og er í vörslu aðalstjórnar ÍBV íþróttafélags.

2. grein

Markmið sjóðsins er að:

- Styrkja afreksíþróttamenn til keppni yngri landsliða í íþróttum á erlendri grund. Afreksmaður í íþróttum er sá sem á landsvísu nær frammúrskarandi árangri í íþróttagrein sinni.
- Styðja við bakið á ungu íþróttafólki á Framhaldsskólaaldri sem eru einnig nemendur akademíunnar, eingöngu fyrir iðkendur sem eru ekki með lögheimili í Eyjum.
- Búa til gæðaverkefni fyrir iðkendur félagsins sem nýtist öllum hópnum.

3. grein

Framkvæmdastjóri félagsins sér um úthlutun úr sjóðnum fyrir hönd aðalstjórnar. Úthlutunin fyrir landsliðsferðir verður sem hér segir:

- Ferð innan Norðurlanda 40.000
- Ferð innan Evrópu 50.000
- Ferð utan Evrópu 60.000

Framkvæmdastjóri félagsins og yfirþjálfarar sjá um úthlutun úr sjóðnum fyrir hönd aðalstjórnar. Úthlutunin fyrir akademíuiðkendur verður sem hér segir:

- Handbolti kvenna 15.000 á mánuði í 10 mánuði
- Handbolti karla 15.000 á mánuði í 10 mánuði
- Knattspyrna kvenna 15.000 á mánuði í 10 mánuði
- Knattspyrna karla 15.000 á mánuði í 10 mánuði

Framkvæmdastjóri félagsins og yfirþjálfarar sjá um úthlutun úr sjóðnum fyrir hönd aðalstjórnar. Úthlutunin fyrir gæðaverkefni verður sem hér segir:

Hugsað fyrir allt liðið og verður hver umsókn vegin og metin með tilliti til félagsins. Ekki verður hægt að útteila úr sjóðnum nema að það sé innistæða í honum.

4. grein

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir

- 1. janúar ár hvert gengur aðalstjórn úr skugga um að í sjóðnum sé ein og hálf milljón
- Framlög og áheiti
- Vaxtatekjur

5. grein

Allir þeir íþróttamenn sem þiggja styrk úr Ungmennasjóði ÍBV íþróttafélags skulu hlíta þeim reglum sem Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjæftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan. Gerist styrkþegi brotlegur gegn þessum reglum getur stjórn sjóðsins stöðvað greiðslur til styrkþega og jafnvel krafist endurgreiðslu styrksins.

6. grein

Úthlutað er úr sjóðnum eftir þörfum. Aðeins verður úthlutað til þeirra íþróttagreina sem ÍBV íþróttafélag stendur straum að. Umsækjandi um styrki úr Ungmennasjóði þarf að vera á fimmtánda ári eða eldri.

Með umsóknum skulu fylgja:

- a) Greinagerð um markmið íþróttamannsins eða verkefnisins.
- b) Fjárhagsáætlun.
- c) Þegar um landsliðsverkefni er að ræða þarf staðfestingu sérsambands.
- d) Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.

Aðstandendur sjóðsins geta farið fram á það við styrkþega að þeir komi fram á vegum sjóðsins eða skili inn skýrslu vegna verkefnisins.

7. grein

Samþykkt þessi tekur gildi þegar aðalfundur ÍBV íþróttafélags hefur staðfest hana.